



Fundargerð

Stjórn SSA mánudag 17. maí 2010

Fundarstaður Végarður . Fljótsdalshreppi.

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson , Ólafur Sigurðsson, Valdimar O. Hermannsson, Íris Valsdóttir , Páll Baldursson og varamaður Baldur Pálsson. Forföll boðaði Guðmundur Ólafsson. Framkvæmdastjóri er mættur.

Hádegisverður var á Skriðuklaustri kl. 12.30 , þar sem Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Jóhann Þórhallsson úr sveitarstjórn Fljótsdalshreppi voru gestir.

Að loknum hádegisverði var farið í Végarð og stjórnarfundur hófst þar í fundarsal sveitarstjórnar þar sem formaður setti fund kl. 13.20.

1. Fundargerð stjórnar SSA 12. apríl 2010 .

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

2. Frá Landshlutasamtökum .

2/1 Stjórn Eyþings 212. fundur. 30. apríl 2010 . (dreift á fundinum)

Framkvæmdastjóri vakti athygli á lið. 1 endurskoðun fjallskilasamþykktar (sjá lið 10. í dagskrá stjórnarfundar SSA)

2/2 Sumarfundur LHSS Vesturlandi 3-4 júní.

Formaður upplýsti að hann ásamt formanni verði á sumarfundinum. Þar mun verða til umræðu m.a aðkoma. Landshlutasamtakanna að 20/20 Sóknaráætluninni og hlutverki landshlutasamtakanna til framtíðar. Þeir munu fyrir sumarfundinn reyna að ná tali af samgöngu og sveitarstjórnarráðherra og iðnaðarráðherra m.a með vísan til umsagnar stjórnar SSA í lið 4/1 og samstarfsverkefna sveitarstjórnarráðuneytisins og SSA.

2/3 SSV stjórn 13. apríl 2010.

Lögð fram .

2/4 SASS 43. fundur 14. maí 2010. (dreift á fundinum)

Stjórn SSA tekur undir samþykktir stjórnar SASS í liðum 12/i um stefnumótandi byggðaáætlun og 12/j fækkun lögreglu umdæma . (sjá samþykktir stjórnar SSA í liðum 4/1 og 4/2)

3. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga .

3/1 Fundargerð 774. fundur stjórnar (dreift á fundinum)

Lögð fram.

3/1 Upplýsingar 7. maí sl.

(Landsþing-hafnasambandsþing-fjármálaráðstefna)

Upplýst er með netpósti að hafnasambandsþing verði á Snæfellsnesi 23. og 24. september nk. Landsþingið verði á Akureyri 29.sept -1.okt. nk. og fjármálaráðstefna sveitarfélaga verði í Reykjavík 14. og 15. október nk.

4. Frá Nefndasviði alþingis.

4/1 521. mál Iðnaðarnefnd : Stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013

Eftir umræður var svohljóðandi smþykkt gerð:

“Stjórn SSA telur ekki rétt að afgreiða byggðaáætlun nú þar sem fyrir liggur frá stjórnvöldum að lagðar verða fram tillögur um samþættar sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta nú í haust., auk sameiginlegrar áætlunar fyrir allt landið.

Ekki verður því séð að tillagan hafi raunverulegt gildi og byggðaáætlun í núverandi mynd óþörf þar sem sóknaráætlun er ætlað að leysa hana af hólmi.

Stjórn SSA vekur athygli á að landshlutasamtaka sveitarfélaga er vart getið í

tillögunni, en þeim er ætlað ákveðið hlutverk í gerð og framkvæmd sóknaráætlunar.

Ítrekuð er skýr afstaða stjórnar SSA um að starfsemi atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga í landshlutunum verði eflað. Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi, sem nú er unnið með í samstarfi sveitarfélaga og stoðstofnana á Austurlandi byggir á því. Stjórn SSA vill vinsamlegast beina því til iðnaðaráðherra, sem ráðherra Byggðamála í landinu og samgöngu og sveitarstjórnaráðherra, sem yfirmanns Sveitarstjórnarmála í landinu að þau samræmi sínar aðgerðir í byggða og sveitarstjórnarmálum en svo virðist sem lítið sem ekkert "samband" sé þar á milli þegar horft er til fyrirbyggjandi tillögu um stefnumótandi byggðaáætlun 2010-2013."

Stjórn SSA felur framkvæmdastjóra og formanni SSA í samvinnu við framkvæmdastjóra Þróunarfélagsins að fara frekar yfir áætlunina og koma framanritaðri samþykkt stjórnar SSA ásamt öðrum áherslum til skila í umsögn. Vísast þar m.a til þess að í apríl mánuði 2009 stóðu SSA og PFA ásamt fulltrúum stoðstofnana að sameiginlegri ýtarlegri umsögn um drögin að þessari sömu byggðaáætlun.

<http://www.althingi.is/alttext/138/s/0910.html>

4/2 586. mál. Allsherjarnefnd : Frumvarp til lögreglulaga

<http://www.althingi.is/alttext/138/s/0977.html>

Umsögn Samb.isl. sveitarfélaga frá 05.05.10.lá frammi .

Svohljóðandi samþykkt var gerð :

Stjórn SSA gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en bendir á að rétt væri að fyrirhugaðar breytingar verði gerðar í samhengi við sóknaráætlanir sem nú er unnið með m.a. í landshlutunum. Einn liður í þeirri vinnu er endurskipulagning opinberrar þjónustu. Þá telur stjórn SSA nauðsynlegt að könnuð verði áhrif breytinganna fyrir fyrir einstök byggðarlög áður en frumvarpið er afgreitt. Stjórn SSA mótmælir vaxandi tilhneigingu ríkisvaldsins til að flytja störf og áhrif úr hinum dreifðu byggðum og þá ekki síst vellaunuð störf sem krefjast háskólamenntunar. Stjórn SSA leggur áherslu á að haldið verði áfram á þeirri braut sem unnið var með að færa stjórnsýsluverkefni til sýslumannsembætta og fjölga þannig opinberum störfum á landsbyggðinni.

4/3 525. mál : Samgöngunefnd : Frumvarð til laga um hafnalög.

<http://www.althingi.is/alttext/138/s/0914.html>

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hafi óskað eftir því að þau aðildarsveitarfélög SSA sem hafa hafnir geri athugasemdir og eða veiti umsögn.

4/4 575. mál. Frumvarp til laga um skipan ferðamála (gæðamál)

<http://www.althingi.is/alttext/138/s/0966.html>

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hafi vísað frumvarpinu til Ferðamálasamtaka Austurlands og Markaðsstofu Austurlands. **Samþykkt.**

4/5 582. mál. Fjögurra ára samgönguáætlun 2009-2012

<http://www.althingi.is/alttext/138/s/0973.html>

Framkvæmdastjóri í samráði við formann og stjórnarmenn SSA (netpóstur) hefur samið og gert fyrirbyggjandi umsögn við áætlunina. Umsagnarfrestur var til 14. maí sl. **Stjórn SSA staðfestir umsögnina.**

5. Aukaaðalfundur SSA 19. apríl sl.

5/1 Fundargerð aukaaðalfundar SSA.

Formaður sagði að fundurinn hafi farið vel fram og þakkaði framkvæmdastjóra undirbúninginn og stjórnarmönnum fyrir góða mætingu.

5/2 Tillögur aukaaðalfundar SSA .

Framkvæmdastjóri hefur sent og komið á framfæri samþykktum aukaaðalfundarins til viðkomandi aðila s.s aðildarsveitarfélaga, stjórnar SSA, landshlutasamtaka , þingmanna norð-aust. og viðkomandi ráðuneyta. Net-póstur framkvæmdastjóra 4. maí sl. til aðildarsveitarfélaga SSA er fyrir liggjandi á fundinum.

Svohljóðandi samþykktir A og B gerðar.

A: *Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga og stoðstofnana Austurlandi:*

“Stjórn SSA samþykkir , með vísan í samþykkt aukaaðalfundar SSA 19.apríl sl. ,að fela stýrihópi SSA og framkvæmdastjóra SSA að vinna áfram með og útfæra þær leiðir og hugmyndir sem fram eru settar í skýrslu stýrihópsins. Virkt samráð verði áfram haft við hlutadeigandi stoðstofnanair”.

B: *Undirbúningur að yfirfærslu á málefnum fatlaðra:*

“Stjórn SSA felur undirbúningshópi SSA og framkvæmdastjóra SSA í áframhaldandi samvinnu við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðar á Austurlandi, félagsþjónustur Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar , Skólaskrifstofu Austurlands og fleiri aðila sem samstarf er kveðið á um í samstarfsáætlun verkefnisins, að undirbúa eins og frekast er kostur þjónustusvæðið til að taka við verkefninu um nk. áramót eins og stefnt er að. Sveitarfélögin á starfssvæðinu aðstoði undirbúningshópinum við vinnuna þegar eftir henni er leitað”.

6. 6/1 Ársreikningur SSA 2009 . (Kynnig P.J.)

Framkvæmdastjóri kynnti helstu niðurstöður ársreiknings sem mun endanlega verða lagður fyrir stjórn SSA á Júlí fundi.

Tekjur : Framlög sveitarfélaga 8.2 millj.

Framlög jöfnunarsjóðs 16.4 millj.

Gjöld : Laun og launat.kostnaður	10.5
Annar stjórnunarkostn.	5.9
Funda og ferðakostnaður	4.6
Sérverkefni	5.2

Vaxtatekjur 2.9

Afkoma af reglulegri starfsemi +1.7

Vextir af lífeyrisskuldbindingum - 0.9

Rekstrarafkoma + 0.78.

Peningaleg staða án líf.skuldbindinga 29.3 millj.

Lífeyrisskuldbindingar 51.0 millj.

Ársreikningurinn verður endanlega lagður fyrir stjórn á júlí fundi .

6/2 ‘Ársreikningur Héraðsnefndar Múl. 2009 (kynning P.J.)

Framkvæmdastjóri kynnti helstu niðurstöðutölur , en hér er um að ræða síðasta ársreikning Héraðsnefndarinnar , þar sem starfsemi hennar var lögð niður um sl. áramót og flutt yfir til SSA.

Tekjur . framlög sveitarfélaga : kr. 750.053.

Gjöld : hlutdeild í sj.kostn. SSA 400.000

Ljósmyndasafn austurlands 271.000

Tekjufagangur + fjármunatekjur : 91.822.
Enahagsreikningur : Skammtímaskuldir 0.00

Eigið fé 31/12 2009 kr. 825.323.

Ársreikningurinn verður endanlega lagður fyrir stjórn SSA á júlí fundi nk.

7. DRÖG : Fjárhagsáætlun SSA: endurskoðuð 2010 og 2011. (Kynning Þ.J)

Framkvæmdastjóri sagði að í þau 12 ár sem hann hefur starfað fyrir SSA er árið 2010 eitt það fjölbreyttasta hvað fjölda “stærri sérverkefni varðar”. Alls eru þau nú 5. Ekki lá ljóst fyrir þegar áætlun 2010 var samþykkt á aðalfundinum í sept. 2009 sl. að svo mörg viðamikil verkefni kæmu inn á borð SSA á starfsárinu.

Því stefnir í að þrátt fyrir að tekjur jöfnunarsjóðs hækki frá áætlun og verkefna tekjur fáiast að hluta á móti í einhverjum tilfella duga þær ekki til að mæta auknum útgjöldum. Fyrir liggur samþykkt frá stjórnarfundum SSA í febrúar 2009 að nýta megi allt að 50% vaxtatekna árið áður til að mæta auknum verkefnum. (Vaxtatekjur 2008 3.5 millj. og árið 2009 2.9 millj.) heimildin ekki nýtt á sl. ári . Framkvæmdastjóri telur rétt að endurnýja þessa heimild stjórnar í ár auk þess sem ganga þurfi eitthvað á eigið fé SSA (2009 alls 30.0 millj) til að ljúka megi samningum , í stað þess að sækja aukin framlög til aðildarsveitarfélaga, sem hann segir ekki í myndinni við núverandi aðstæður.

Í umræðum stjórnarmanna kom fram að stuðningur er við að mæta auknum útgjöldum vegna sérverkefna 2010 með því að ganga ” hóflega ” á uppsafnað eigið fé, en aukin framlög aðildarsveitarfélaga til SSA eru ekki inni í myndinni .

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að endurskoðun á áætlun 2010 með það í huga. Drögin ásamt drögum að áætlun 2011 verði lögð fyrir stjórn á Júlí fundi .

8. Starfslok framkvæmdastjóra SSA.

Fyrir liggur samkvæmt tímabundnum starfssamningi SSA og núverandi framkvæmdastjóra SSA að hann mun láta af störfum 1. október nk.

Stjórn SSA felur formanni að auglýsa starfið. Nýr framkvæmdastjóri þarf m.a að fylgja eftir og móta ásamt stjórn og í samstarfi við hlutaðeigandi stoðstofnanir væntanlegt nýtt samstarfsskipurit sveitarfélaga og stoðstofnana í landshlutanum , sem stefnt er á að taki gildi um nk.áramót.

9. Samningur um Ljósmyndasafn Auturlands.(frestað á síðasta stjórnarfundum)

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi samning sem gerir ráð fyrir að formgera með samningi samkomulag sem gilt hefur í mörg ár milli Héraðsnefndar Múlasýslna – Minjasafns Austurlands og Héraðsskjalafns Austurlands um Ljósmyndasafn Austurlands, sem er í vörslu og umsjá Héraðsskjalasafnsins . SSA yfirtók fjárhag og skyldur HNM um sl. áramót m.a árlegt framlag til ljósmyndasafnsins , sem í ár er samkvæmt fjárhagsáætlun SSA 270.000.

Stjórn SSA samþykkir fyrirbyggjandi samning um Ljósmyndasafn Austurlands dagsettann 4. maí sl. Formaður SSA undirritar samninginn.

Samþykktin er með fyrir vara um fjárveitingar í fjárhagsáætlunum SSA ár hvert.

10. Fjallskilasamþykktir breyting .

Fjallskilasamþykkt : Svæðið austan Vaðlaheiðar að vestari mörkum Vopnafjarðar.

(Skeggjastaðahreppur (Norður Múl) sameinað í Langanesbygg 2006)

Borist hafa drög að fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að vestari mörkum Vopnafjarðar.

Í Fjallskilasamþykkt Múlasýslna frá 4. janúar 2006 er Skeggjastaðahreppur eitt sveitarfélag /fjallskiladeild . Með sameingu í Langanesbyggð hverfur Skeggjastaðahreppur því sem /fjallskiladeild úr Fjallskilasamþykkt Múlasýslna.

Stjórn SSA hefur tekið yfir hlutverki og skyldum Héraðsnefndar Múlasýslna frá 1.jan.2010 og “hefur því á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í fjallskilaumdæmunum tveimur en sveitarstjórnir annast yfirstjórn þeirra í hverri fjallskiladeild”. (2.gr) .

Stjórn SSA gerir ekki athugasemd við breytinguna ,sem fram kemur í drögnum ,m.fv. um samþykki Vopnafjarðarhrepps og felur framkvæmdastjóra að láta síðan færa breytinguna inn í Fjallskilasamþykkt Múlasýslna til staðfestingar.

11. Vinnumálastofnun 23.apríl : Atvinnuáttak vegna námsmanna.

Lagt fram til kynningar.

12. Sumarstarfið.

Fyrir liggur að starfshóparnir 4 (Framtíðarskipulagið-yfirfærslan-Austurland eitt - 20/20 Soknaráætlun) verða að störfum í sumar. Samþykkt er að framkvæmdaráðsfundur SSA verði í júní og stjórnarfundur í júlí.

13. Önnur mál.

13/1 Félag áhugafólks um heimafóðurverkefnið. (bréf 06.04.10)

Formaður fór yfir efni bréfsins . **Stjórn SSA hafnar erindinu** og vísar til þess að sveitarfélögin hafa með sér samstarf innan atvinnuþróunarfélaga til að sinna verkefnum sem þessum . Að mati stjórnar SSA er hér um áhugavert verkefni að ræða.

13/2 EES-EFTA sveitarstjórnarvettvangur. (AGB Samband. Ísl.sv. 21.apríl)

Kynnt er að fyrir dyrum stendur að koma upp vettvangi fyrir sveitarstjórnir til að nálgast EES samstarfið en ljóst er að áhrif EES á sveitarfélög eru allmikil. Sett er fram sú hugmynd að Landshlutasamtökin skipti með sér 4 aðal og varamönnum og þar verði formenn samtakanna fulltrúar. Óskað er eftir afstöðu landshlutasamtakanna. Ekki liggur fyrir hver kostnaður er af slíku samstarfi og hver greiðir hann. M.a á meðan svo er **tekur stjórn SSA ekki afstöðu** til erindisins en vísar því til umræðu á sumarfundi LHSS 2-3 júní nk.

13/3 NAN nefndin : Verkefnin og framvindan.

Formaður og P.B, telja nauðsynlegt að farið verði yfir og skoðað hverjar af þeim tillögum /verkefni Norð-austurnefndarinnar sem ríkisvaldið samþykkti á sínum tíma hafi komið til framkvæmda og hverjar ekki. Verkefnum sem vísað var beint til viðkomandi sveitarfélaga eru flest í gangi með tiheyrandi starfsmönnum. Verkefni sem vistuð voru sérstaklega hjá Nýsköðunarmiðstöð í samstarfi við Þróunarfélagið og ráðuneyti hafa ekki gengið eftir. Samþykktar fjárveitingar í fjárlögum ríkisins 2009 og 2010 til atvinnuskapandi verkefna á Austurlandi hafa því ekki skilað sér. *Formanni og framkvæmdastjóra falið að kalla forstöðumenn jaðarsveitarfélaganna 5 saman og fara yfir stöðuna.*

13/4 Rafmagnsleysið á Austurlandi .

B.P vakti máls á því að þegar rafmagnið fór af nær allri landsbyggðinni í sl. viku ,kom það allra síðast inn á Austurlandi/ Egilsstöðum þrátt fyrir að nægt varaafli er til staðar í landshlutanum. *Öryggisins vegna er það óásættanlegt.*

13/5 Ársfundur ÞNA og málþing “Skapandi framtíð” að Eiðum 12. maí sl.

Framkvæmdastjóri sem jafnaframt er form stjórnar ÞNA sagði frá ársfundinum og málþinginu .

13/6 Ársfundur Starfsendurhæfingar Austurlands á Djúpavogi 18. maí nk.

Formaður mun reyna að sækja fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit fundi kl. 16.10.

Sign: Þorvaldur Jóhannsson.